

RÁÐHÚS AKUREYRAR

VIÐBYGGING OG ENDURBÆTUR

RÁÐHÚS – RÁÐHÚSGARDUR – RÁÐHÚSTORG

Forðum lá leiðin frá Ráðhústorginu í miðbænum um Strandgötu og Geislagötu að Eiðsvöllum, almenningsgarðinum á Oddeyrinni. Og ráðhúsíð stóð við Geislagötu, þessi tengsl hafa verið rofin, en bilastæðin á austurhlíð ráðhússins eru leifar Geislagotunnar á pessum síðum.

Eitt megin markmið þessarar tillögu er að skapa ráðhúsi Akureyrar þann sess í samfélagini sem það ætti að hafa. Hónunn lóðarinnar miðar að því að endurvekja og styrkja tengsl Oddeyrarinnar við miðbæin og að skapa aðlaðandi áningarsstað – Ráðhúsgarðinn – fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til og frá miðbænum.

Það er okkar skilningur að ráðhús – þar sem saman koma kjörnir fulltrúar lýðræðislega samfélags – skuli vera lifandi hús er byður íbúa velkomna. Frá Ráðhúsgarðinum og frá austurhlíðinni er gengið í opíð og bjart alrými er teygir sig yfir fjórar hæðir, en viðbyggjín er norðan megin við alrýmið og númerandi ráðhús. Annað megin markmið þessarar tillögu eru skýr tengsl viðbygginingarinnar við númerandi byggingu og því varð fjögurra hæða álma fyrir valinu er byður upp á góð innri tengsl hinu ýmsu svíðum, með stuttum boðleðum og fjölbreyttum möguleikum á samnýtingu rýma og svæða.

Á jarðhæð alrýmisins er þjónustuanddyri ráðhússins sem við túlkum sem annað og meira en biðstofu gesta. Staðr þjónustuanddyrisins – sem nýtist einnig sem fjölnarými – skýrir þann stærðarmun á tillögu bessari og stærðarviðmiði forsagnarinnar. Þjónustuanddyrið teygir sig til vesturs að ráðhúsgarðinum og endar við veitingasalinum með útsýni til suðurs, en veitingasalurinn – Ráðhúskaffið – samnýtist fyrir starfsfólk ráðhússins og gesti. Við vesturenda þjónustuanddyrisins er einnig fundarsalur stjórnsýslusviðsins, en hann er stærsti fundarsalur hússins. Fundarsalur – sem vettvangur fyrir íbúðasamrás - nær yfir tvær hæðir, með útsýni á Ráðhúsgarðinn. Þjónustuanddyrið við fundarsalinn mætti nýta fyrir alls kyns sýningar og kynningar er líta að málfrumum bæjarfélagsins. Við norðurhlíð fundarsalarins er litil tjörn. Enn norðar, í átt að Glerárgötu og Eiðsvöllum, er höggmyndagarður, en hugmyndin er að hér mætti koma fyrir sýningum á þróvum útlisstaverkum.




Aðkoma frá Glerárgötu, þegar ekið er inn í bænn. Ráðhúsið fær sterka ásýnd sem kennileiti. Viðbyggjingin trappar sig niður um fundarsalinn, Ráðhúskaffið og hjólageymsluna að mælikvarða íbúðabyggðarinnar vestan megin við ráðhúsið.





Horf i Ráðhúsgarðinn með Ráðhúskaffið og veröndina fyrir miðri mynd. Stóri salurinn í bakgrunni. Hjólageymslan til vinstri.



Tengsl Ráðhúsgarðsins við þjónustuanddyrið eru sterk og mynda þau eina heild sem veltvangu fyrir samfélögð þar sem kjörnir fulltrúar, starfsmenn bæjaríns og almenningur mælast:

Ráðhúsgarðurinn – þjónustuanddyrið – stóri fundarsalurinn.

Ráðhúsgarðurinn snýr í suðvestur, í góðu skjóli, og nýlist sem almenningssgarður frá degi til dags og á háliðardögum. Þjónustuanddyrið, stóri salurinn og Ráðhúskaffið geta verið opin almenningi fyrir utan skrifstofutíma ráðhússins.

Séð frá Eiðsvöllum, þegar ekið er inn í bæinn, er hið nýja andlit ráðhússins, fjögurra hæða viðbyggingin er trappar sig niður til vesturs um fundarsalinn og Ráðhúskaffið og hjólageymsluna á lóðinni að meðlkvarða íbúðabyggðarinnar vestan megin við ráðhúsið. Ráðhúsið fær sterka ásýnd og það má segja að frá þessu sjónhorni verði ráðhúsið að nýju kennileiti bæjaríns.

Sjónarhornið frá gatnamótum Glerárgötu og Gránufelagsgötu skýrir hvað best hönnun þessarar tillögu. Frumverkið – núverandi ráðhús Akureyrar sem verðugur fulltrúi móderntíma sjóta áratugar síðustu aldar – er í forgrunni. Viðbyggingin er dregin til baka og höfð í sómu breidd og fjórða hæðin.

Viðbyggingin er hugsuð sem hógvær og lágstemmd viðbót við verk er ber sterk stíleinkenni höfundarins, það er Sigurðar Guðmundssonar arkitekts (1885-1958), en það eru einfaldleiki og ógúð gluggasetning.

Núverandi ráðhúsið er hvitt, en viðbyggingin er í dekkri lit, klædd með ljósu graniti. Gluggasetning viðbyggingarinnar er jafn ógúð og fyrirmynndin. Viðbyggingin teygir sig yfir fjórðu hæð hússins. Af fyrstu og elstu teikningum Sigurðar að dæma, var það ekki ætlun hans að hanna fjórða hæðina eins og hún er í dag, enda var fjórða hæðin reist að honum látnum. Því gerir þessi tillaga ráð fyrir því að núverandi fjórða hæðin – sem liggur undir skemmdum – verði rifin og endurreist í mynd er hæfir frumverkinu.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir nýjum aðalinngangi um alrýmið á milli núverandi húss og viðbyggingarinnar. Það er því kjörlit tækifæri að leggja núverandi aðalinngang – sem er seinni líma verk – niður og færa austurhlíð hússins í upprunalegt horf með því að endurbryggja tvo glugga.



Yfirlit yfir staðsetningu sviða



INNRA SKIPULAG

Völdbyggingin er á jafn mör gum hæðum og númerandi bygging og eru tengsl hina ýmsu svíða góð. Boðleidir eru stuttar og möguleikar á samþyngingu rýma góðir og fjölbreyttir.

Innra skipulag hina ýmsu svíða og tengsl þeirra byggist á hugmyndrafjöldinni um verkefnamáðad vinnuumhverfi, sem hefur fjölbreyttri starfsemi og býður upp á sveigjanleika, hreyfanleika, samvinnu og teymisvinna, en einnig einveru og trúnaðarsamtöl. Ópin svæði skiplasta á við lokuð rými af mismunandi stærðum undir fundarherbergi og einmennings- og tvimenningsskrifstofur.

Innra skipulagið er hannað miðað við að hægt sé að breyta fyrirkomulagi eftir því sem tilarandi og starfshættir þróast.

Að mati höfunda þessarar tillögu er það því ákjósanlegt að innra skipulag i númerandi byggingunni verði endurskoðað frá grunni á öllum hæðum.



Grunnmynd 1. hæð / 1:200

HELSTU STÆRÐIR

Gert er grein fyrir nettófermetrum nýma eftir notkun þeirra og nettófermetrum hina ýmsu sviða, fylgirýma og -svæða í töflunni er fylgir þessari tillögu.


Brúttófermetrar (m²):

Núverandi 4. hæð, sem er 427m², verður rifin, en i hennar stað verður reist ný hæð, 376m² að stærð. 4. hæðin á núverandi byggingu minnkar því um 51 fermetrar.


Núverandi bygging:	Viðbygging:
Hæð 1: 765	652
Hæð 2: 492	244
Hæð 3: 492	244
Hæð 4: 376	244
Samtals: 2125	1384

Núverandi byggining (ofanjarðar) og viðbyggingin eru samtals $2125 + 1384 = 3509\text{m}^2$.


Stærð kjallara undir núverandi byggingu er óbreytt, það eru 327m².




Grunnmynd kjallara / 1:200



Grunnmynd 2. hæð / 1:200



Grunnmynd 3. hæð / 1:200



Grunnmynd 4. hæð / 1:200

KJALLARI	FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m ²
1 RESTAURÁRDÖ	1 11
2 VÖRLUYTA	1 2
3 SKJALAVARSÍA/FLOKUN/PRENTUN/LJÓSRTUN	1 13
4 SKJALAGEYMSLUR/GEYMSLUR	4 85
5 FUNDARHÉBERG - TEYMISVÍNNA	1 27
6 SPENGLSLÓD	1 19
7 TAKNIR/MVI/LÖFTRESÍNG	1 20
8 GEYNSLA/DÆLURPRO	1 53
	157

2. HÆÐ VIRRIBERGASVÍD	FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m ²
1 STARSAÐINN - VÍNNUSTÖD	20 141
2 SKRISTOFA	2 28
3 SKRISTOFA - TVEGGJA MANNNA	1 20
4 FUNDARHÉBERG - TEYMISVÍNNA	1 13
5 FUNDARHÉBERG - HUGARFLUG	1 11
6 EINSTAKNINGSMVI - ENVERA	2 20
7 EINSTAKNINGSMVI - TRUMADUR	2 14
	247

3. HÆÐ FRELSLUSVÍD	FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m ²
8 STARSAÐINN - VÍNNUSTÖD	12 81
9 SKRISTOFA	2 24
10 SKRISTOFA - TVEGGJA MANNNA	1 6
11 EINSTAKNINGSMVI - ENVERA	1 9
12 EINSTAKNINGSMVI - TRUMADUR	1 6
13 FUNDARHÉBERG - TEYMISVÍNNA	1 17
14 FUNDARHÉBERG - HUGARFLUG	1 13
	111

4. HÆÐ VIRRIBERGASVÍD	FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m ²
1 STARSAÐINN - VÍNNUSTÖD	2 62
2 SKRISTOFA	5 50
3 SKRISTOFA - TVEGGJA MANNNA	5 113
4 FUNDARHÉBERG - TEYMISVÍNNA	1 36
5 FUNDARHÉBERG - TEYMISVÍNNA	1 25
6 FUNDARHÉBERG - HUGARFLUG	2 11
	297

5. HÆÐ FYLGIRMIÐ OG SVÉDI	FJÖLDI SAMTALS NETTÓ-m ²
7 KROSSGÖTTUR	2 31
8 HUGARFLUG - KAFTI	1 25
9 OFORMLEGIKÝNNA	1 9
10 LIOSRTUN	1 7
11 OFORMLEGEINVERA	3 37
12 MUNASKAPAR	1 9
13 APSLÖPPUN	1 13
14 HOPPVNA/KÝNNING	1 21
	152

EFNISVAL

Allt efnisval miðast við fjölbreytt, bjart og hlýlegt vinnuumhverfi. Skrifborð og lokað rími miðast við staðlaðar lausnir, það eru til dæmis glerveggjakerfi, en húsgög, svo sem fundarborð, hægindastólar, sófar og innréttningar á kaffibörjunum eru fjölbreytt með tiliti til efnis- og litavals.

Gólf þjónustuandrysing, stóri fundarsalurinn, veitingasalurinn og stigahús eru klædd með náttúrulegum steini. Gólf svíðanna eru klædd með parketi.

Innveggir eru annars vegar hefðbundnir léttir innveggir og hins vegar glerveggir. Loft eru klædd með hljódisogsðuk. Veggir og loft eru hvít, en valdir veggfletir í fundarherbergjum eru málæðir í björtum lit er tónar við innréttingarnar.

Allt efnisval í viðbyggingunni og núverandi byggingu verður samræmt til að skapa eina heild.

Hugmyndir að efnisvali að innan og utan



ÚTVEGGKLÆÐNING OG GÓLFEFNI



GLUGGAR OG ADFELLUR




GLERVEGGIR



PARKET



INNRÉTTINGAR OG HÚSGÖGN



INNRÉTTINGAR OG HÚSGÖGN



INNRÉTTINGAR OG HÚSGÖGN

14604

TÆKNILEGAR LAUSNIR

Viðbyggingin er steypt og einangruð að utan og klædd með loftafta steinklæðningum úr ljósu graniti.

Þók 1. hæðar eru þakin grasi. Ónnur þók eru með malarfargi.

Við hónnun lagna- og rafkerfa skal miðað við sparneytnar, vistværar lausnir. Þými viðbyggingarinnar eru hituð með lághitagölfhitakerfi og ofnum.

Bar sem viðbyggingin er frekar grunn, það er um 13 metra á breidd, er miðað við að hún verði að miklu leyti loftfræsti á náttúrulegan hátt, það er um opnanleg fög. Almennt verða loftgæði tryggð í þeð opnum og lokubúum rýmum með vélrænni loftræsingi í bland við opnanleg fög. Fullbuð loftræsikerfi með varmaendurvinnslu verður sett upp í öllu húsnæðinu.

Við hónnun og útfærslu rakerfa verður lögð áhersla á rekstrarlega hagkvæmar lausnir og að rafkerfin verði með nýjustu tækni, góðu notendaviðmóti og að orkusparnaður verði hafður að leiðarljósi. Raflysing, samsípl með útbirtu og jákvæð upplifun notenda er mikilvægur þáttur raf- og tæknikerfa. Stjórnkerfi loftræsinga og lagna mun samhæfa virkni loftfræsi- og lagnakerfa nýbyggingarinnar með það fyrir augum að tryggja sem bestu loftgæðin en jafnframt að lágmarka orkunotkun og hafa eftirlit með bilunum. Ljósastýringar verða notaðar til orkusparnaðar, til að auka vellíðan starfsmanna og endingu búnaðar. Lagt verður til að hússtjórnarkerfi verði sett upp til að gefa myndræna yfirsýn yfir öll tæknikerfi hússins auk miðstýringar á kerfunum.

Gert er ráð fyrir að vatnssúakerfi verði sett í númerandi hús og viðbygginguna. Með því verða flóttaleiðir þannig að fjarlægja má númerandi veggsvalir.

ÁFANGASKIPTING

Lagt er til að í fyrri áfanga verði viðbyggingin reist en í seinni áfanga verði númerandi byggingin endurbætt.

FRÁGANGUR LÓÐAR

Tillagan gerir ráð fyrir aferrandi umbreytingu á lóð ráðhússini úr bilastæðaflæmi til gróðursælan og skjólgóðan garð. Ráðhúsgardurinn tengist annars vegar með skýrum hætti í átt að Ráðhústorgi um Geislagötu og hins vegar almenningssgarðinum Eiðssvælin austan Glerárgötu. Lögð er áhersla á greiðar aðkomuleiði gangandi vegferranda úr öllum áttum inn í þjónustuanddyrið og Hjólastæði. Aðgengi allra verði tryggt að öllum innogóngum með skrábrautum. Hjólastæði eru að völdum stöðum og hjólaskyli fyrir starfsfólk skilur að óvalargarðinn frá bilastæðum. Yfirbragð aðkomusvæða verði aðlærandi með vönduðum yfirborðsfrágangi. Ný aðkoma bila er að norðan frá Smáragötu.

Yfirbragð Ráðhússgardins er grænt með grasflóum og myndarlegum trjám. Núverandi trú á austurhlíð ráðhússins verða ekki feld. Í skjóli byggingarinnar og a móti söl er verðn til að austurhlíð ráðhússins verði svíð á aðliggjandi grasflöti. Norðan við nyjan fundarsal er spegiltjörn sem speglar birtu himinsins inn í salinn og speglar bygginguna utan fré séð og gefur henni virðulegt útilit. Í framhaldi að spegiltjörninn teygir sig dreigill í átt að gatnamótum Glerárgötu og Smáragötu. Eins og fyrr segir væri þar vel við hafi að reisa þrívið utilistáver.

Við frágang lóðarinnar er miðað við blágrænar ofanvatnslausnir. Tjörnin við norðurhlíð stóra salarins er með gegndrépum boltni.

Vistvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi við plöntuval og skjólmyndun gróðurs.

Gangstigar og skábrautir eru hellulögð með hellusteinum í ljósum lit. Verandir eru klæddar með sams konar náttúrusteini og er a gólfí þjónustuanddyrisins. Bilastæði eru lögð grassteini.

Hjólageymslan á lóðinni er úr opnu viraverki úr stáli er loftar um.

AÐ LOKUM


Það er von hófundna þessarar tillögu að hún styrki heildarásýnd Ráðhúss Akureyrar og virði byggingar- og menningarsögulegt gildi númerandi húss. Ennfremur að hún beri vott um samfélagslega samkennd sem vettvangur almennings og peirra fulltrúa sem hún kys.




Alrýmið. Horft frá aðalinnganginum til vesturs. Þjónustuanddyrið á jarðhæð. Göngubrýr tengja efri hædir nýja ráðhússins saman.




Veitierðarsviðið á 3. hæð viðbyggingarinnar.



Sneiðing A-A



Sneiðing B-B




Útlit norður



Útlit suður



Séð frá gatnamótum Glerárgötu og Gránumfélagsgötu. Núverandi ráðhús er í forgrunni og viðbyggingin er dregin til baka. Viðbyggingin er hugsuð sem hógvær og lágstemmd viðbót við verk er ber sterkt stíleinkenni höfundarins, það er Sigurðar Guðmundssonar arkitekts (1885-1958), en það eru einfaldieiki og öguð gluggasetning.



Útlit austur



Útlit vestur

14604